

Nd.

296. Frumvarp til laga

[151. mál]

um listamannalaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—1967.)

1. gr.

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Getur það bæði veitt tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun og veitt að auki í þessu skyni eina upphæð, sem síðan skal skipt af nefnd sjö manna, kosinni af sameinuðu Alþingi að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Hafi Alþingi veitt tilteknum listamönnum heiðurslaun, skal upphæð þeirri, sem nefndinni er ætlað að skipta, varið þannig, að um tvo launaflokka sé að ræða, og séu launin í öðrum helmingi hærri en í hinum. Nefndin ákveður hæð launanna áður en tillögur eru gerðar um, hverjir skuli hljóta laun.

Nefndarmenn skulu gera heildartillögu um skiptingu þeirrar fjárhæðar, sem til ráðstöfunar er, og geta tveir eða fleiri þeirra sameinast um flutning slíkrar tillögu.

Þegar þessar tillögur eru komnar fram, skal tekin ákvörðun um, hversu margir skuli hljóta laun í hvorum flokknum, og ræður í því sambandi afl atkvæða. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um það, skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um, að hljóta skuli hærri launin. Skulu nefndarmenn leynilega merkja við nöfn jafnmargra listamanna á kjörseðlinum og ákveðið var, að hljóta skyldu hærri launin. Er kjörseðillinn ógildur, ef merkt er við fleiri nöfn eða færri. Skulu þeir listamenn hljóta launin, sem flest atkvæði fá.

Síðan skal gerður annar kjörseðill með nöfnum þeirra, sem tillögur höfðu verið gerðar um, að hlytu lægri launin, og hinna, sem ekki hlutu hærri launin, og skal ákveðið með sama hætti og áður, hverjir hljóta lægri launin.

Hafi Alþingi ekki veitt tilteknum listamönnum laun, getur nefndin í upphafi starfs síns ákveðið að veita sérstök laun, er séu hærri en laun í þeim tveim launaflokkum, sem gert er ráð fyrir í grein þessari, og dregst þá heildarupphæð þeirra launa frá heildarfjárveitingu þeirri, sem nefndin úthlutar samkvæmt reglum þessarar greinar.

3. gr.

Aðildarfélög Bandalags íslenzkra listamanna skulu eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við nefnd þá, sem Alþingi kys til þess að ákveða listamannalaun. Áður en atkvæði eru greidd í nefndinni, skulu fulltrúar bandalags-

félaganna eiga rétt á að láta í ljós skoðun sína á tillögugerð um listamenn á því sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Meðan nefndin starfar, skulu allar tillögur nefndarmanna og allar umsagnir fulltrúa bandalagsfélaganna skoðaðar trúnaðarmál. En þegar störfum nefndarinnar er lokið, er bæði nefndarmönnum og fulltrúum bandalagsfélaganna heimilt að skýra opinberlega frá sínum eigin tillögum og umsögnum, en ekki tillögum og umsögnum annarra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. apríl 1966 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktun um undirbúning lögjafar um listamannalaun:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna. Skal við það starf haft samráð við Bandalag íslenzkra listamanna.“

Alþingi hefur um langt skeið veitt árlega í fjárlögum nokkurt fé til þess að launa listamenn. Á undanförnum árum hefur þingkjörin nefnd úthlutað þessu fé. Aldrei hefur þó verið sett löggjöf um listamannalaunin og ekki skapast fastar reglur um veitingu þeirra. Á undanförnum árum hafa af hálfu þingmanna verið flutt frumvörp um veitingu listamannalaunanna. Stjórnarfrumvarp hefur hins vegar ekki áður verið flutt um þetta efni.

Aðalatriði frumvarpsins eru þessi:

1. Gert er ráð fyrir því, að Alþingi veiti árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn. Er annars vegar gert ráð fyrir því, að Alþingi veiti árlega tilteknum listamönnum ákveðin heiðurslaun, svo sem tíðkamt hefur undanfarið, og hins vegar eina heildarupphæð, sem síðan skuli skipt af nefnd sjö manna, kosinni af sameinuðu Alþingi að afloknum alþingiskosningum, en í fyrsta skipti þegar eftir að lög þessi öðlast gildi. Það hefur háð störfum þingkjörnu nefndanna undanfarið ár, að þær hafa verið kosnar til aðeins eins árs í senn. Hér er gert ráð fyrir því, að nefndin verði kjörin að afloknum alþingiskosningum og starfi milli kosninga. Ætti það að auka öryggi og festu í störfum nefndarinnar.

2. Gert er ráð fyrir því, að um tvo launaflokka verði að ræða, og séu launin í öðrum flokknum helmingi hærri en í hinum. Undanfarið hafa launaflokkar verið fjórir.

3. Í upphafi árlegs starfs síns ákveður nefndin, hversu há launin skuli vera í hvorum flokknum. Síðan skulu nefndarmenn gera heildartillögu um skiptingu þeirrar fjárhæðar, sem til ráðstöfunar er. Þegar þessar tillögur eru komnar fram, skal tekin ákvörðun um, hversu margir skuli hljóta laun í hvorum flokknum, og ræður í því sambandi afl atkvæða. Þá skal gerður kjörseðill með nöfnum allra þeirra, sem tillaga hefur komið fram um, að hljóta skuli hærri launin. Er síðan kosið um það með leynilegri atkvæðagreiðslu í nefndinni, hvaða listamenn skuli hljóta hærri launin. Síðan skal gerður annar kjörseðill með nöfnum þeirra, sem tillögur höfðu verið gerðar um, að hlytu lægri launin, og hinna, sem ekki hlutu hærri launin, og síðan fara fram leynileg kosning með sama hætti um það, hverjir hljóta skuli lægri launin. Með þessu móti væri komið á það fastri skipun, hvernig ákvörðun er tekin um veitingu listamannalaunanna.

4. Aðildarfélag Bandalags íslenzkra listamanna skulu eiga rétt á að tilnefna hvert um sig tvo fulltrúa til samstarfs við nefndina, sem Alþingi kys til þess að ákveða listamannalaunin. Áður en atkvæði eru greidd í nefndinni, skulu fulltrúar bandalagsfélaganna eiga rétt á að láta í ljós skoðun sína á tillögugerð um listamenn á því sviði, er hlutaðeigandi bandalagsfélag starfar á. Meðan nefndin starfar, skulu allar tillögur nefndarmanna og allar umsagnir fulltrúa bandalagsfélaganna skoðað-

ar trúnaðarmál. En þegar störfum nefndarinnar er lokið, er bæði nefndarmönnum og fulltrúum bandalagsfélaganna heimilt að skýra opinberlega frá sínum eigin tillögum og umsögnum, en ekki tillögum og umsögnum annarra. Með þessu móti fá fulltrúar listamanna vissa aðild að veitingu listamannalaunanna. Þeim er ekki fengið vald til veitingar launanna eða beinna áhrifa á hana. En það er mikilvægt fyrir listamennina og samtök þeirra að eiga rétt á að segja álit sitt á þeim tillögum, sem fram koma í nefndinni, áður en nefndarmenn ganga til atkvæða um þær.

Frumvarp þetta var sent stjórn Bandalags íslenzkra listamanna til athugunar, og hefur það verið rætt í stjórninni og öllum aðildarfélögum bandalagsins. Í viðræðum, sem menntamálaráðherra hefur átt við stjórn Bandalags íslenzkra listamanna, hefur komið í ljós, að innan bandalagsins er sérstakur áhugi á því að fá lögtekin ákvæði um sérstakt starfsstyrkjakerfi til handa listamönnum, samkvæmt umsóknum þeirra. Í framhaldi af því hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa nefnd til þess að athuga möguleika á að breyta núverandi listamannalaunum að nokkru leyti í starfsstyrki og verja auk þess til þeirra því fé, sem Alþingi kynni að veita til viðbótar í því skyni. Jafnframt verði athugað, með hverjum hætti væri unnt að samræma starfsemi sjóða, sem nú starfa á þessu sviði, starfsstyrkjakerfinu. Gert er ráð fyrir, að nefndin semji jafnframt frumdrög að reglum um úthlutun slíkra starfsstyrkja, og að Bandalag íslenzkra listamanna eigi fulltrúa í nefndinni.